

REGLUR

um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar verðbréfa, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar verðbréfa, viðauka við lýsingu, tilkynningagáttina og tilkynningu um almennt útboð.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði hvað varðar helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar verðbréfa, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar verðbréfa, viðauka við lýsingu, tilkynningagáttina og tilkynningu um almennt útboð, einkum 7., 21., 22., 23. og 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði verðbréfa eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB.

2. gr.

Tilvísanir.

Fjármálagerningar skv. i., ii. og vi. lið a-liðar 4. mgr. 25. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til fjármálagerninga sem vísað er til í i., ii. og vi. lið a-liðar 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til fjármálagerninga skv. 16. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Yfirtökutilboð: Tilvísanir í reglum þessum til yfirtökutilboðs eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB skal skilja sem tilvísanir til yfirtökutilboða skv. lögum um yfirtökur nr. 108/2017.

3. gr.

Tilkynning um almennt útboð.

Tilkynningu um almennt útboð verðbréfa í þeim tilvikum þegar verðmæti þess er á bilinu 1.000.000 – 7.999.999 evra skal senda Seðlabankanum 2 vikum fyrir áætlað útboð, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/2020. Tilkynningin skal send á eyðublaði sem er í viðauka við þessar reglur.

4. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir:

1. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 26. mars 2020, bls. 331-355, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2019 frá 10. júlí 2019, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73 frá 12. september 2019, bls. 3, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1272 frá 4. júní 2020 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/979 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 80 frá 16. desember 2021, bls. 311-315, með eftirfarandi aðlögun sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2021 frá 11. júní 2021, sbr. einnig

bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

Í 22. gr. a. reglugerðarinnar, að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „16. september 2020“ sem „daginn fyrir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2021 frá 11. júní 2021“.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, taka gildi þegar í stað. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 320/2020 um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar verðbréfa, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar verðbréfa, viðauka við lýsingu, tilkynningagáttina og tilkynningu um almennt útboð.

Seðlabanka Íslands, 22. desember 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI
Tilkynning um almennt útboð verðbréfa þegar verðmæti þeirra
er á bilinu 1.000.000 til 7.999.999 evra

Útgefandi:	Kennitala:
Heimilisfang:	Sveitarfélag:
Tengiliður:	Sími: GSM: Tölvupóstur:
<input type="checkbox"/> Umsjónaraðili, ef við á.	Sími: GSM: Tölvupóstur:
Almennar upplýsingar um útgefanda:	
<i>Tilgangur útgefanda og starfsemi.</i>	
Tegund verðbréfa:	
<i>Tegund og flokkur verðbréfa (hlutabréf, skuldabréf o.s.frv.) ásamt helstu einkennum þeirra, þ.m.t. fjöldi þegar útgefina verðbréfa og réttindi sem þeim fylgja.</i>	
Útboðstímabil og heildarfjárhæð útboðs:	
<i>Útboðstímabil, heildarfjárhæð útboðs, fjöldi verðbréfa sem boðin eru og nafnverð eininga.</i>	
Skipulag og dreifing úthlutunar:	
<i>Lýsing á áskriftarferlinu, tímamörk greiðslu og afhending verðbréfa.</i>	